

Fundur í stjórn Minjasafns Austurlands, haldinn í Safnahúsinu, Laufskógum 1, mánudaginn 20. febrúar 2018 kl. 16:00

Mættar: Maríanna Jóhannsdóttir, Margrét Dögg Guðgeirsd. Hjarðar, Gunnhildur Ingvarsdóttir, Þórdís Sveinsdóttir, Kristjana Björnsdóttir og Elsa Guðný Björgvinsdóttir safnstjóri.

1. Breyting á A deild Brúar lífeyrissjóðs vegna breytinga á lögum um Lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins, nr. 1/1997

Fyrir liggur samningur milli Brúar lífeyrissjóðs og Minjasafns Austurlands vegna uppgjörs A deildar Brúar lífeyrissjóðs og minnisblað frá KPMG um það mál.

Stjórn safnsins felur safnstjóra að ganga frá umræddum samningi enda telur stjórnin víst að aðildarsveitarfélögin leggi safninu til fjármagn vegna þess kostnaðar sem af samningnum hlýst þar sem Samband íslenskra sveitarfélaga hefur staðfest samninginn fyrir hönd umbjóðenda sinna.

2. Drög að starfsstefnu Minjasafnsins til næstu fjögurra ára.

Lagt fram til kynningar.

3. Skýrsla safnstjóra.

Elsa Guðný fór yfir skýrslu safnstjóra.

3.1. Viðburðir:

Bókavaka Safnahússins var haldin 30. nóvember og jólaskemmtun Þjónustusamfélagsins þann 19. desember. 12. og 13. febrúar stóð Minjasafnið fyrir öskupokasmiðju í samstarfi við Bókasafn Héraðsbúa og Soroptimistakúbb Austurlands.

3.2. Safnfræðsla:

- Mikið aðsókn í safnfræðslu í desember en þá sóttu 210 nemendur safnið heim.
- Námsefni Minjasafnsins var ekki tilbúið fyrir áramót eins og áætlað var en vinnan við það er í fullum gangi.
- Samstarfið við leikskólann Tjarnarskóg heldur áfram, árgangurinn sem verður 4 ára á skólaárinu kemur í fjórar heimsóknir á safnið yfir veturinn.
- Safnstjóri heimsótti leikskólann Hádegishöfða á bóndadag.

3.3. Námskeið/fundir/vinnuhópar

- Safnstjóri sótti námskeið um nýja persónuverndarlöggjöf sem haldið var af Austurbrú.
- Safnstjóri hefur settið í vinnuhóp sem falið var að kanna möguleika á stofnun fræðaseturs Jóns lærða. Sú vinna er á lokametrunum og reiknað með að hópurinn skili greinagerð á næsta fundi atvinnu- og menningarnefndar Fljótaldshéraðs.
- Safnstjóri hefur settið undirbúningsfundi vegna barnamenningarhátíðar á Fljótaldshéraði.

3.4. Styrkir til Minjasafnsins:

- Landsvirkjun: 300.000 vegna viðhalds og endurbóta í Kjarvalshvammi.
- Fljótsdalshérað: 200.000 vegna sýningarinnar Umhverfing.
- Uppbyggingarsjóður Austurlands: 400.000 vegna viðhalds og endurbóta í Kjarvalshvammi og 300.000 vegna sýningarinnar Umhverfing.

3.5. Húsnæðismál

- Tjarnarás: Á síðasta ári voru keyptir brettarekkar sem bíða þess að verða settir upp.
- Endurskipulagning geymslunnar í Safnahúsinu í fullum gangi.
- Söfnin í safnahúsinu keyptu í sameiningu galleríbrautir til að setja í almenna rými hússins.

3.6. Framundan:

- Fermingarsýning: Hugmyndir um að sýna muni, myndir og fleira tengt fermingum í kringum páskana.
- Umhverfing: Umhverfing er nafn á myndlistarsýningum sem verða settar upp hringinn í kringum landið á næstu árum á vegum Akademíu skynjunarinnar. Hugmyndin að baki verkefninu er að setja upp myndlistarsýningar í óhefðbundnum rýmum þar sem ekki er hefð fyrir nútíma myndlistarsýningum. Sýningin verður sett upp næsta sumar í Safnahúsinu, á heilsugæslustöðinni og hjúkrunarheimilinu Dyngju. Þar verða til sýnis listaverk eftir listamenn sem búa á Fljótsdalshéraði eða tengjast því á annan hátt.
- Austfirskt fullveldi: Minjasafnið tekur þátt í samstarfsverkefni nokkurra stofnanna á Austurlandi undir forrystu Austurbrúar í tilefni af 100 ára afmæli fullveldis Íslands. Afrakstur þess verður í formi sýninga, námsefnis fyrir skóla og fleira.
- Kona á skjön: Söfnin í Safnahúsinu vinna að því í sameiningu að fá sýnguna Kona á skjön næsta haust en hún fjallar um ævi og störf Guðrúnar frá Lundi.

4. Önnur mál.

Engin önnur mál tekin fyrir.

Fleira ekki tekið fyrir og fundi slitið kl. 17:00
Fundargerð ritaði Elsa Guðný Björgvinsdóttir